

# Sokkabuxnavefur og aðrar innsetningar

Samstarf í samtímamyndlist er meginþema myndlistarverkefnisins „Sjálfstætt fólk“. Sýningar undir þeim hatti opna allar í dag. Meðal sýningarstaða er Hafnarhúsið en þar má meðal annars sjá verk eftir Gjörningaklúbbinn, Jónu Hlíf Halldórsdóttur, Hlyn Hallsson og fleiri.

„Sjálfstætt fólk“ eða (I)ndependent People er heiti umfangsmikils myndlistarverkefnis sem Listahátíð í Reykjavík stendur fyrir í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Nýlistasafnið, Norræna húsið, Kling og Bang og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Þátttakendur eru myndlistarmenn frá Íslandi, Norðurlöndunum, Bretlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og er áherslan á samstarf í samtímamyndlist.

Sýningarstjóri verksins er Jonatan Habib Engqvist og fékk hann yfir hundrað listamenn til þess að vinna verk saman, bæði listamenn sem hafa áður unnið saman og aðra sem eru að vinna saman í fyrsta sinn.

Þess má geta að á morgun verður haldið málþing í tengslum við „Sjálfstætt fólk“, í Norræna húsinu. Málþingið hefst klukkan eitt.



**SOKKABUXNAVEFUR** Sokkabuxnainnsetning Gjörningaklúbbsins hefur verið strengd yfir anddyri Hafnarhússins. Verkið ber heitið Sokkabuxnavefur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HLUSTENDA VERÐIAUN FM957

SJÁUMST Í HÖRPU  
2. JÚNÍ 2012

STÓRSKOTALIÐ  
SKEMMTIKRAFTA

JÓN JÓNSSON, FRÍÐRIK DÓR, SYKUR, DIKTA,  
GABRÍEL, OPEE, VALDIMAR, UNNSTEINN MANÚEL,  
SVERRIR BERGMANN, TINY OG EMMSJÉ GAUTI  
KYNNIR BJÖRN ÞRÁGI

MIÐASALA Í FULLUM GANGI  
Á HARPA.IS

KJÓSTU Á FM957.IS  
NÆLDU ÞÉR Í BOÐSMIÐA  
Á FM957

FM957

TRAMP



HRINGTORG



**PRJÓNAHÚSIÐ** Mynd af eldhúsinu úr prjónahúsi Elinar Strand Ruin & The New Beauty Council. Verkefnið er unnið í samstarfi við Listaháskóla Íslands og íslenska prjónaklúbba.

### OPNANIR FRÁ MORGNI TIL KVÖLDS

Sýningar sem tengjast myndlistarverkefninu „Sjálfstætt fólk“ opna allar í dag, sú fyrsta klukkan tíu og sú síðasta klukkan níu í kvöld.

**10.00:** Litla-kaffistofan á Suðurlandsvegi  
The Artist Formerly Known as Geist.

**11.00:** Listasafn Árnesinga í Hveragerði  
Horizonic, sýningarstjórar: Emeline Eudes & Ásdís Ólafsdóttir.

**13.00–15.00:** Listasafn Íslands  
AIM Europe, Box, IC-98 + Mikael Brygger & Henriikka Tavi, No Gods, No Parents (UKS), NÝLÓ + Archive of Artist Run Initiatives, Sofía Hultén & Ivan Seal.

**Norræna húsið**  
Learning Site, Superflex, The Awareness Muscle Team.

**14.00–16.00:** Myndhöggvarafélag Íslands Nýlendugötu 15  
Endemi.

**ið, galleri**  
Margrét H. Blöndal & Silvia Bächli, Sýningarstjóri: Chris Fite-Wassilak.

**15.00–17.00:** Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús  
Anonymous, Elin Strand Ruin & The New Beauty Council, Goksøyr & Martens, Institut for Degeneret Kunst, Jóna Hlíf Halldórsdóttir & Hlynur Hallsson, Kling & Bang, Nomedá & Gediminas Urbonas + MIT 4.333, Raflost & Steina, The Icelandic Love Corporation, The Leyline Project, Útúrdúr.

**16.00–18.00:** Listasafn ASÍ  
Rúri & Gunnlaugur M. Einarsson, Wooloo, IC-98.

**17.00–19.00:** Kling & Bang, galleri  
1857, A Kassen.

**Kaffistofan**  
Nemendagalleri

**NÝLÓ Nýlistasafnið**  
Melissa Dubbin & Aaron S. Davidson.

**21.00:** Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, portíð  
Raflost & Steina, The Arduino group og Hestbak.